

Hverfisráð Raufarhafnar 19.8.2024

Fundur haldin í Ráðhúsinu kl 17:00

Mætt voru Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Margrét Rögnvaldsdóttir og Reynir Þorsteinsson. Einnig sátu fundinn Katrín Sigurjónsdóttir og Nanna Höskuldsdóttir.

1. Söllumál eigna.

Katrín var falið að kynna fyrir hverfisráði möguleika á sölu eigna á Raufarhöfn. Um er að ræða félagsheimilið Hnitbjörg fastanúmer F2167011 Stærð 832 m² Byggðaráð óskar eftir að ráðið taki saman kosti og galla við slíka sölu.

Félagsheimilið á Raufarhöfn er einn af aðal innviðum þorpsins og er mikið notað, vikulega allt árið um kring !

Meðfylgjandi listi er ekki tæmandi og má segja að húsið sé notað fyrir hvaðeina viðburði þar sem fleiri en fimm ætla að hittast.

Hnitbjörg hefur verið alla tíð frá vígslu miðstöð félagslífs, menningar og skemmtunar á Raufarhöfn, viðburðir á ársgrundvelli eru t.d :

- Félagsvist vikulega yfir vetrartímamann.
- Þorrablót og í aðdraganda þess þorrablótsfundir.
- Íbúafundir og aðrir fundir.
- Menningardagar – ýmsir viðburðir
- Árshátíð skólans
- Tónleikar
- Afmælisveislur
- Fermingar
- Félagsmiðstöð barna og ungmenna
- Erfidrykkjur
- Brúðkaup
- Ættarmót
- Bingó
- Jólabball
- Og margt fleira.

Halda verður til haga að ekki er um annað húsnæði á Raufarhöfn að ræða sem getur tekið við fjölda yfir 20-30 manns með góðu móti nema íþróttahúsið og það hús er ekki með eldhúsi og aðgengi erfitt fyrir hreyfihamlaða, kostnaður við breytingar á því húsi yrði því verulegur.

Félagsheimilið Hnitbjörg var vígt 25. ágúst árið 1967. Hafist var handan við byggingu Hnitbjargar á haustmánuðum árið 1964 og stóð fokhelt árið 1966. Uppbyggingin var styrkt af Félagshéimilaskjóði, sérstökum skjóði menntamálaráðuneytisins sem ætlað var að styrkja slíkar uppbyggingar. Þess utan sáu Raufarhafnarhreppur, Verkavennafélagið Orkan, Verkamannafélag Raufarhafnar, Slysavarnarfélagið, Leikfélagið, Kveinfélagið Freyja og fleiri fyrir byggingu þess og lögðu fram há fjárframlög.

Á einhverjum tímavarki í lok síðustu aldar eignaðist sveitarfélagið hlutdeild þessara félaga þeirra hlut gegn því að sjá um viðhald og huga að samfélagslegum gyldum. Húsið er í anda þeirra félagsheimila sem byggð voru á þessum tíma. Í húsinu er að finna tvo misstóra sali aðskilda með renniþili, stórt leiksvið, myndarlegt anddyri ásamt aðstöðu fyrir leikfélag og kaffiaðstöðu. Þá er rúmlegt húsrými norðan við leiksviðið sem gengt hefur ýmsum hlutverkum í gegnum tíðina en Landsbankinn leigði húsrýmið upphaflega undir útibú sitt í þorpinu, sá hluti hússins hefur ekki verið notaður í mörg ár.

Hverfisráð sér enga jákvæða kosti á þessu stigi málsins við að selja félagsheimilið. Að mati hverfisráðs á ekki að selja félagsheimilið Hnitbjörg í heild sinni, en hverfisráð hvetur sveitarfélagið til að skipta eigninni upp í tvö fastanúmer og byrja á því að selja eða leigja þann hluta sem ekkert er nýttur í dag (banka / skrifstofu) hlutann.

Að auki hvetur hverfisráð til þess að eignir SR lóðar verði auglýstar aftur til sölu til að losa eignir Norðurþings.

Katrín yfirgaf fundinn eftir þennan lið.

2. Hverfisráð óskar eftir upplýsingum um hverjar tekjur félagsheimilisins eru af leigu vegna tæknirýmis sem uppsett var fyrr á þessu ári.

3. **Bílhæ og annað drasl.**

Hverfisráð ræddi nauðsyn þess að Heilbrigðiseftirlitið og Norðurþing taki höndum saman og geri átak á Raufarhöfn vegna uppsöfnunar bílhraja á atvinnu og einkalóðum í þorpinu. Helta fyrirstaðan er í dag sú að Norðurþing getur ekki geymt bílhæ í læstu geymslurými eftir að límt hefur verið. Hverfisráð hvetur Norðurþing til að koma upp slíkri aðstöðu.

4. **Vegur um Melrakkasléttu.**

Hverfisráð óskar eftir því að Norðurþing krefjist þess við Vegagerðina að efni verði keyrt í Sléttuveg sem allra fyrst, verkið hefur staðið til í rúm tvö ár en ekkert gerst í þeim efnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:40

Undirritunarsíða

Fundargerð Hverfisráðs
Reynir Þorsteinsson

Fundargerð Hverfisráðs
Margrét Rögnvaldsdóttir

Fundargerð Hverfisráðs
Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir